

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Páli Val Björnssyni
um afplánun í fangelsi.

1. *Hversu langur tími líður að meðaltali frá því að dómur er kveðinn upp um fangelsis-refsingu þar til dómþoli hefur afplánun?*

Á árinu 2012 liðu að meðaltali 350 dagar frá því að dómur var upp kveðinn þar til afplánun í fangelsi hófst. Árið 2013 var meðaltalið 367 dagar og 383 árið 2014.

Á árinu 2012 leið að meðaltali 521 dagar frá því að dómur var upp kveðinn þar til samfélagsþjónusta hófst. Árið 2013 var meðaltalið 537 dagar og árið 2014 575.

2. *Hversu margir fangar að meðaltali afplána á hverjum tíma refsingu í fangelsum lands-
ins?*

Ár	2012	2013	2014
Afplánunar- og gæsluvarðhaldsfangar	148	154	152

3. *Hvað má ætla að margir þeirra sem afplána refsingu í fangelsi eigi við áfengis- eða fikniefnavanda að stríða?*

Í nýrri óbirtri rannsókn¹ kemur í ljós að tæplega 60% fanga eiga við vímuefnavanda að glíma (75% þeirra sem skimuðust með athyglisbrest og ofvirkni) og rúmlega 70% eiga sögu um slíkan vanda (81% þeirra sem skimuðust með athyglisbrest og ofvirkni).

Í rannsókninni kemur enn fremur fram að töluverð aukning virðist hafa orðið á vímuefnavanda íslenskra fanga á síðustu tveimur áratugum. Í rannsókn Jóns Friðriks Sigurðssonar og Gísla H. Guðjónssonar frá 1996² sögðust 68% fanga hafa neytt ólöglegra vímuefna en 87% í óbirtu rannsókninni sem að framan getur.

4. *Hvað má ætla að margir þeirra sem afplána refsingu í fangelsi séu með ofvirkni og athyglisbrest eða skyldar raskanir?*

Í rannsókn á íslenskum fögum (Emil Einarsson, Jón Friðrik Sigurðsson, Gísli H. Guðjónsson, Anna Kristín Newton og Ólafur Örn Bragason, 2009)³ kom í ljós að helmingur (50%) fanganna uppfyllti skimunarviðmið fyrir athyglisbrest og ofvirkni (AMO) í æsku og

¹ Jón Friðrik Sigurðsson, Ingi Þór Eyjólfsson, Ingunn S.U. Kristiansen, Jónas Haukur Einarsson, Baldur Heiðar Sigurðsson, Halldóra Ólafsdóttir, Susan Young og Gísli H. Guðjónsson, óbirtar niðurstöður. Verið er að ljúka gagnasöfnun í þessari rannsókn, en hér er vísað í niðurstöður úr tveimur ritgerðum sálfræðinema við Háskóla Íslands, meistararitgerð Ingunnar S.U. Kristiansen (2013) og BS-ritgerð Inga Þórs Eyjólfssonar (2015).

² Sigurdsson, J.F. & Guðjonsson, G.H. (1996). *Illicit drug use among Icelandic prisoners prior to their imprisonment. Criminal Behaviour and Mental Health*, 6, 98–104.

³ Einarsson, E., Sigurdsson, J.F., Gudjonsson, G.H., Newton, A.K. and Bragason, O.O. (2009). Screening for Attention Deficit Hyperactivity Disorder and co-morbid mental disorders among prison inmates. *Nordic Journal of Psychiatry*, 63:5,361–367.

rúmur helmingur af þeim hópi, eða 60%, sýndi enn einkenni AMO þegar þeir tóku þátt í rannsókninni. Einnig kom í ljós að marktækt fleiri fangar sem uppfylltu skimunarviðmið fyrir AMO greindust með félagskviða, vímuefnavanda og andfélagslega persónuleikaröskun en hinir sem ekki uppfylltu skimunarviðmið.

Í áðurnefndri rannsókn Jóns Friðriks Sigurðssonar o.fl. greindist 31% fanga með AMO. Í þeirri rannsókn var notast við geðgreiningarviðtal þar sem notuð eru strangari viðmið en með skimunarlistum eins og notaðir voru í rannsókn Emils Einarssonar o.fl. Niðurstöður beggja rannsóknanna eru eftir sem áður samhljóða.

5. *Hversu margir sálfræðingar, félagsráðgjafar, námsráðgjafar og sérfræðingar í meðferð við fíkn starfa í fangelsum landsins?*

Sálfræðingar: 2.

Félagsráðgjafar: 2.

Námsráðgjafi: 1.

Sérfræðingar á meðferðargangi á Litla-Hrauni: 2.

Sálfræðingarnir og félagsráðgjafarnir sinna um 600 skjólstæðingum þegar allt er talið, þ.e. föngum í fangelsum, þeim sem veitt er reynslulausn og þeim sem sinna samfélagsþjónustu.